

Ungmennaráðstefna UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, var haldin í Borgarnesi dagana 10. – 12. apríl 2019. Yfirskrift ráðstefnunnar var Betri ég. Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér?

Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 16 – 25 ára og komu þau víðs vegar af landinu. Kalla má þátttakendur sérfræðinga í málefnum ungmenna, verandi ungmenni sjálf. Auk ungmenna tóku starfsfólk sveitarfélaga og ráðamenn þátt. Heildarfjöldi þátttakenda var um 85 manns.

Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni. Ráðið þakkar þeim sveitarfélögum og félagasamtökum sem hafa stofnað ungmennaráð og veitt ungmennum vettvang til áhrifa.

Hér er að finna skilaboð sem ungmenni komu sér saman um til ráðamanna þjóðarinnar eftir ráðstefnuna.



UMFÍ
UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2019

Kæru stjórnvöld
Ungt fólk vill jöfn tækifæri til að stunda skipulagðar tómstundir óháð búsetu

Erasmus+ Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 10.-12. apríl 2019. Þátttakendur voru 80 ungmenni 16-25 ára alls staðar af landinu.

Kæru stjórnvöld. Aðgengi að tómstundum getur verið erfitt í litlum sveitarfélögum og þarf margt ungt fólk að ferðast langar leiðir til að stunda íþróttir eða tómstundir. Stjórnvöld þurfa að létta undir með ungu fólki á landsbyggðinni með auknum frístunda- og ferðastyrkjum svo þau geti sinnt tómstundum sínum og íþróttaiðkun óháð því hvar foreldrar þeir búa. Í tómstundastarfi felst forvörn og stuðningur við það að einstaklingar verði besta útgáfan af sjálfum sér.



UMFÍ
UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2019

Kæru stjórnvöld
Ungt fólk vill lækka kosningaaldur í 16 ár

Erasmus+ Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 10.-12. apríl 2019. Þátttakendur voru 80 ungmenni 16-25 ára alls staðar af landinu.

Kæru stjórnvöld. Við teljum ungt fólk hafa nægan þroska til að geta kynnt sér málefni mismunandi flokka. Við byrjum að greiða skatta 16 ára en fáum ekki að ráða í hvað peningarnir fara. Öll málefni eru málefni ungs fólks. Við erum ekki bara framtíðin heldur erum við nútíðin. Við erum til staðar hér og nú. Að taka virkan þátt í eigin samfélagi stuðlar að því að við verðum besta útgáfan af okkur sjálfum og hvetur okkur til frekari þátttöku í framtíðinni.



UMFÍ
UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2019

Kæru stjórnvöld
Ungt fólk vill að allt nám verði metið jafnt

Erasmus+ Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 10.-12. apríl 2019. Þátttakendur voru 80 ungmenni 16-25 ára alls staðar af landinu.

Kæru stjórnvöld. Þegar nám er metið á jafnan hátt þá eykur það líkurnar á að ungt fólk sækir sér menntun. Það fjölgar tækifærum þeirra, eykur líkurnar á því að fólk fái hærri tekjur en ella. Hærri laun skila sér til þjóðarþúsins. Menntun bætir lífsgæði og er í samræmi við stefnu UMFÍ. Tækifæri til að stunda námið sem ég vil gerir mér kleift að verða besta útgáfan af mér.

UMFÍ

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2019

**Kæru stjórnvöld
Ungt fólk krefst aukinnar
þjónustu í geðheilbrigðismálum**

Erasmus+ Ungmennarástefnan Ungt fólk og lýðræði 10.-12. apríl 2019.
Þátttakendur voru 80 ungmenni 16 - 25 ára alls staðar af landinu.

Kæru stjórnvöld. Okkur finnst geðheilbrigðisþjónusta á Íslandi of dýr og biðlistar alltof langir. Sumir geta ekki beðið mjög lengi! Okkur finnst að þjónusta hjá sálfræðingum eigi að vera niðurgreidd eins og önnur læknisþjónusta. Ungmenni eiga líka að hafa aðgang að menntuðum sálfræðingum á öllum skólastigum. Sálrækt á stóran part í því að verða besta útgáfan af okkur sjálfum.

UMFÍ

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2019

**Kæru stjórnvöld
Það eru hreinlega ekki nægilega
margar klukkustundir í sólarhringnum**

Erasmus+ Ungmennarástefnan Ungt fólk og lýðræði 10.-12. apríl 2019.
Þátttakendur voru 80 ungmenni 16 - 25 ára alls staðar af landinu.

Kæru stjórnvöld. Það er erfitt að stunda íþróttir, lifa fjölbreyttu félagslífi, njóta stunda með fjölskyldu og vinum og sofa nóg. En við þurfum líka að vinna, safna fyrir fyrir bíl, íbúð og námsgjöldum, leggja hart að okkur til að fá góðar einkunnir og vera í líkamlega og andlegu jafnvægi. En stytting framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú eykur álagið á okkur mikið, fækkar stundum í félagsstarfi, dregur úr samveru með fjölskyldum og vinum og kemur niður á svefni. Til þess að við séum besta útgáfan af okkur sjálfum verður að létta undan álaginu og kröfunum sem til okkar eru gerðar.

UMFÍ

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2019

**Kæru stjórnvöld
"Ég er námsmáður og það kostar mig um
30.000kr. að heimsækja fjölskylduna mína"**

Erasmus+ Ungmennarástefnan Ungt fólk og lýðræði 10.-12. apríl 2019.
Þátttakendur voru 80 ungmenni 16 - 25 ára alls staðar af landinu.

Kæru yfirvöld. Mörg ungmenni þurfa að fara langar leiðir til þess að sækja nám sitt og til að heimsækja fjölskyldur sínar. Það getur verið erfitt á landsbyggðinni og hafa því ekki allir efni á því að vera í námi og vilja á sama tíma sinna fjölskyldum sínum.

Þessar aðstæður valda því að sumt ungt fólk þarf að flytja fyrr úr foreldrahúsum en það ætlar til að sækja nám sitt. Á sama tíma er það á milli steins og slegju því margt ungt fólk finnur fyrir miklum kvíða þegar langur tími líður á milli heimsóknna til fjölskyldunnar. Ungt fólk hvetur stjórnvöld til að auðvelda ungu fólki að sinna námi og fjölskyldu óháð búsetu. Samvera með fjölskyldu og vinum gerir okkur kleift að verða besta útgáfan af okkur.

Fyrir hönd ráðstefnugesta,
Ungmennaráð UMFÍ.